

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8.11.2012

Efni: Umsögn um frumvarp til nýrra umferðarlaga, þingskjal 180, mál 179, 141 löggjafarþing

Starfsgreinasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til umferðarlaga og óskar eftir því að koma athugasemdir á framfæri varðandi greinar 50-55 annarsvegar og hins vegar greinar 92-112. Þá óska fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands eftir því að fylgja umsögninni eftir hjá samgöngunefnd.

Athugasemdir við gr. 50-55: Akstur og hvíldartími ökumanna sem annast fólks- eða farmflutninga í atvinnuskyni.

- Við teljum að skapa þurfi eðlileg skilyrði fyrir því að hægt sé að framfylgja reglugerð ESB um akstur og hvíldartíma.
- Umferðarlögin þurfa að skilgreina ábyrgð lögaðila og stjórnvalda á að hægt sé að framfylgja reglugerð ESB um akstur og hvíldartíma.
- Varðandi farstarfsmenn þarf að vera ljóst að ákvæði 55 gr. gangi ekki gegn ákvæðum kjarasamninga. Þetta á m.a. við um heimild ráðherra til að setja í reglugerð ákvæði um skipulag vinnutíma. Slíkar reglur skal setja í samráði við viðkomandi stéttarfélag. Þá skal útgangspunkturinn vera í samræmi við það sem ráðherranefnd um málið vinnur eftir, að kröfurnar verði sem minnst íþyngjandi fyrir bílstjóra og boðið verði upp á sveigjanleika í náminu og kostnaði haldið í lágmarki.

Athugasemdir við gr. 92-112: Refsingar.

- Það þarf að vera tryggt að atvinnuökumenn séu ekki gerðir ábyrgir fyrir/ látnir sækja refsingum fyrir hátterni sem þeir hafa takmarkaða möguleika til að hafa áhrif á.

Starfsgreinasamband Íslands